
Íþróttamiðstöðin
BÚÐARDAL
Tillaga B

# Íþróttamiðstöðin í Búðardal

Meginmarkmið tillögunnar er að leggja drög að hagkvæmu, notadrjúgu og fallegu fjölnotahúsi fyrir Dalamenn og gesti. Mikil áhersla er lögð á að innra flæði í húsinu sé rökrænt og fumlaust sem og tengingar við núverandi hús Dalabúðar og við grunnskólann. Tillöguhöfundar sjá mikla möguleika í verkefninu og að okkar mati hefur húsið alla burði til að verða þungamiðja í samfélaginu í Búðardal og nærsveitum – sannkallað samkomuhús Dalamanna.

Ný Aðkomubygging tengir núverandi hús Dalabúðar við nýtt íþróttahús og nýja sundlaugarbyggingu. Aðalinngangur er staðsettur að norðaustanverðu og snýr að bílastæðunum. Einnig er inngangur suðaustanmegin sem tengir aðkomubygginguna við grunnskólann. Þegar komið er inn í aðkomubygginuna blasir við bjart og rúmgott alrými. Frá þessu rými eru góðar tengingar við íþróttasalinn, sundlaugina og núverandi húsnæði Dalabúðar. Afgreiðsla / varðherbergi er haganlega staðsett í alrýminu þannig að þaðan er óhrinduð yfirsýn að báðum inngöngum aðkomubyggingarinnar sem og núverandi inngangi í Dalabúð. Í alrýminu eru miklir möguleikar t.d. fyrir veitingasölu og myndlistarsýningar. Í aðkomubyggingunni eru einnig tækjasalur og búningaklefar fyrir sundlaugina og setlaugasvæðið.

Austan við aðkomubygginguna er sundlaugarbyggingin staðsett. Til suðurs er útisvæði fyrir setlaugar þar sem baðgestir njóta óskerts útsýnis yfir Hvammsfjörðinn. Búningsklefum er þannig komið fyrir að hægt er að fara úr þeim á útisvæðið án þess að ganga framhjá innilauginni. Þetta getur sér komið sér vel t.d. til að ferðamenn geti komist á útisvæðið án þess að trufla skólasund. Einnig eru greiðar leiðir að tækjasal og íþróttasal án þess að trufla aðra starfssemi.

Vestan við aðkomubygginguna er íþróttasalurinn staðsettur. Salurinn er vel tengdur við aðra starfssemi og þaðan má njóta hins óviðjafnanlega útsýnis yfir Hvammsfjörðinn.

Nýr stigi og lyfta tengir núverandi Dalabúð við nýbyggingarnar. Gengið er upp nokkur þrep til að fara í rýmin á fyrstu hæð eða gengið niður í kjallarann þar sem salerni og önnur stoðrými eru staðsett. Ný lyfta tryggir að húsið allt uppfylli kröfur samtímans um aðgengi fyrir alla.

Nýbyggingarnar eru hugsaðar sem stálgrindarhús með yleiningum og málm- eða trefjasementsklæðningum. Þökin eru lögð þakpappa- eða dúk. Undir hluta nýbyggingarinnar er gert ráð fyrir tæknikjallara í tengslum við sundlaug og setlaugasvæði.

Mjög auðvelt er að áfangaskipta framkvæmdinni þar sem í raun er um að ræða þrjú sjálfstæð hús. Þegar öll húsin eru risin mynda þau engu að síður ásamt núverandi Dalabúð sannfærandi heild sem verður Búðardal og Dalamönnum til sóma.

Heildarstærð nýbyggingar 1628 $m^2$ brúttó.




**Þarfagreining**

Húsrýmisáætlun skiptir byggingunni í þrjá megin hluta




**Skipting**

Byggingunni er skipt upp í þrjú sjálfstæð hús sem aðlagast að starfsemi hvers hluta. Skiptingin styður við áfangaskiptingu verksins og hjálpar við aðlögun að núverandi húsum




**Hliðrun**

Hliðrunin myndar torg og íverurými sem staðsett eru með skjól, útsýni og tengingar að leiðarljósi

Tillaga B



**Yfirsýn**

Vaktherbergi er staðsett miðsvæðis í byggingunni. Umsjónarmaður hefur yfirsýn yfir alla húshluta sem auðveldar rekstur og fækkar stöðugildum



**Flæði/aðgengi**

Staðsetning og hæðarsetning nýbyggingar tengir nýjar og eldri byggingar saman og bætir nýtingu og aðgengi allra að núverandi byggingum

Tillaga B




Afstöðumynd
1:1000

Tillaga B




Grunnmynd 1.hæðar
1:250

Tillaga B




Grunnmynd kjallara
1:250

Tillaga B


Aðkomubygging
og íþróttasalur
Tillaga 8



Útlit suðaustur
1:250



Útlit norðvestur
1:250

Tillaga B



Útlit norðaustur
1:250



Útlit suðvestur
1:250

Tillaga B


Aðkoma frá skóla
Tillaga B




Sneiðing A-A
1:250




Sneiðing B-B
1:250

Tillaga B




Sneiðing C-C
1:250

Tillaga B